

Nr. 17-043 S 028 Kajak***Banaslys við Þjórsárós***

Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. apríl 2017 voru tveir menn á tveimur kajökum við Þjórsárósa. Veður (*Þorlákshöfn kl. 21:00*): NNA 3-4 m/s, mæld sjávarhæð 3,2 m, loftþrýstingur 1001,1 hPa og lofthiti 4,9°C.

Mennirnir höfðu lagt í ána nokkrum kílómetrum fyrir ofan ósinn og lentu síðan í vandræðum í honum. Þeir misstu bátana og rak frá landi.

Björgunarsveit var kölluð út ásamt tveimum þyrlum LHG og áhöfnum þeirra tókst að ná mönnunum úr sjónum.

Annar mannanna lést.

Myndin sýnir Þjórsárós.

***Við rannsókn kom fram:***

Lögreglan á Suðurlandi fór með rannsókn málsins.